



Þessar reglur gilda til 1. jan 2019.

Samið af keppnisráði í ralli 18. október 2015

Baldur Haraldsson

Óskar Sólmundarson

Þórður Bragason

1. SKILGREINING

- Hæfar bifreiðar í flokknum teljast þær eru skráðar sem fólksbifreiðar eða keppnisbifreiðar í bifreiðaskrá, hafa verið fjöldaframleiddar af viðurkenndum bílaframleiðanda og einnig þær bifreiðar sem hafa fengið akstursleyfi (homologation) frá FIA. Blæjubílar og “hard top” bílar eru bannaðir.
- Bifreiðar skulu standast almenna aðalskoðun bifreiða.
- Hver bifreið sem keppir í þessum flokki skal standast flokkaskoðun sem yfirskoðunarmaður AKÍS framkvæmir ásamt viðurkenndum skoðunarmanni fyrir greinina (rally).
- Sérhver bifreið sem keppir samkvæmt þessum reglum skal gangast undir sérskoðun AKÍS.

2. MINNSTA ÞYNGD

Vélarstærð	Þyngd (kg)	Vélarstærð	Þyngd (kg)
0-1000	620	3001-3500	1100
1001-1300	700	3501-4000	1180
1301-1600	780	4001-4500	1260
1601-2000	860	4501-5000	1340
2001-2500	940	5001-5500	1420
2501-3000	1020	5501-	1500

- Sjá töflu að ofan sem útskýrir þyngd miðað við vélarstærð.
- Slagrými véla með forþjöppu og/eða Wänkel vél skal margfalda með viðeigandi stuðlum samkvæmt reiknireglum FIA þar að lútandi.
- Þyngd er miðuð við eigin þyngd bifreiðar að meðtöldum öryggisbúnaði. Vigtað án áhafnar, varahjóla, verkfæra, lausra hluta og eldsneytis.



3. VÉL

- a. Hámarksafi vélar skal vera minna en 300 hestöfl. Aðeins ein vél má vera í hverri bifreið. Heimilt er að nota hvaða tegund vélar sem er. Ekki er gerð krafa um þrengingu á loftinntak nema bíllinn mælist meira en 300 hestöfl s.k.v. aflmælingu sem AKÍS samþykkir, hvort heldur bíllinn sé með túrbínu eða ekki. Notkun NO₂ er bannað.
- b. Vatnskassi er frjálss en óheimilt er að leggja vatnslagnir um ökumannsrými.

4. HJÓLABÚNAÐUR

- a. Hjólbarðar skulu ekki vera meira en þrjátíu og ein tommu í þvermál og mesta breidd felgu tíu tommur. Fjöldi hjóla skal vera fjögur á tveimur aðskildum öxlum.

5. HEMLABÚNAÐUR

- a. Frjálss en skal standast reglur íslenskra umferðarlaga og reglugerða.

6. YFIRBYGGING

- a. Frjálss. Framrúða skal vera úr lamineruðu gleri, en efni annarra rúða er frjálst svo fremi að það geti ekki brotnað og myndað hvassar brúnir.
- b. Heimilt er að færa hvalbak og breyta honum.
- c. Heimilt er að færa festipunkta fjöðrunar.

7. STÝRISBÚNAÐUR

- a. Stýrisbúnaður skal standast reglur íslenskra umferðarlaga og reglugerða.

8. DRIFBÚNAÐUR

- a. Gírkassi og driflæsingar eru frjálsar. Drifhjól mega vera að aftan eða framan en ekki bæði.

9. RAFKERFI

- a. Rafkerfi er frjálst, en skal uppfylla eðlilegar öryggiskröfur. Útsláttarrofi sem stöðvar vél og rýfur straum frá rafgeymi verður að vera á aðgengilegum stað og vel sýnilegur.

10. ELDSNEYTISKERFI

- a. Eldsneytisgeymir skal tryggilega festur og aðskilinn frá farþegarými. Eldsneytislagnir skulu vera samkvæmt öryggiskröfum FIA sé þeim breytt eða liggja inni í bílnum.

11. ÖRYGGISBÚNAÐUR

- a. Veltibúr skal vera samkvæmt reglum FIA.
- b. Ökumenn skulu nota HANS búnað ásamt viðurkenndum hjálmum og hlífðarfatanaði.
- c. Hafi vél verið færð aftar en upphaflega skal setja svokallaða sprengihlíf yfir gírkassa/sjálfskiptingu.